

**Ed.** **142. Frumvarp til laga** [120. mál]  
um breytingu á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir.

**1. gr.**

- Við 15. gr. laganna (sbr. 2. gr. l. nr. 48/1968) bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
3. Námsmenn búsettir á Norðurlöndum eða aðrir Íslendingar, sem um stundarsakir dvelja erlendis vegna starfa sinna, skulu færðir á kjörskrá þar sem þeir voru síðast heimilisfastir hérlendis.

**2. gr.**

Í stað „Þegar þrjár vikur eru til kjördags“ í 20. gr. laganna komi: Þegar 10 dagar eru til kjördags.

**3. gr.**

21. gr. laganna breytist þannig.

1. Í stað „fundir, sem haldinn sé eigi síðar en 2 vikum fyrir kjördag“ í 1. mgr. komi: fundir, sem haldinn sé eigi síðar en einni viku fyrir kjördag.
2. Við greinina bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Nú er maður dæmdur eða kærður inn á kjörskrá og skulu þá viðkomandi dómara eða sveitarstjórn tilkynna strax yfirkjörstjórn og sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem aðilinn hlaut rétt til þess að vera á kjörskrá, og einnig þess umdæmis, þar sem hann var strikaður út, nafn og heimilisfang viðkomandi, enda þótt útskrift af dómi verði send síðar.

**4. gr.**

Í stað orðsins „sunnudagur“ í 57. gr. laganna komi: laugardagur.

5. gr.

65. gr. laganna hefjist svo:  
Kosning utan kjörfundar fer svo fram, að kjósandi stimplar á kjörseðilinn o. s. frv.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Greinargerð.*

Frumvarp þetta tekur mið af reynslu og breyttum þjóðháttum, sem varða almennar kosningar í landinu. Ýmsu er ábótavant í gildandi lögum um kosningar til Alþingis. Er þar bæði að ákvæði, sem fyrir eru, þurfa breytinga við og nýrra ákvæða er þörf.

Frumvarp þetta varðar námsfólk búsett á Norðurlöndum og aðra Íslendinga sem búsettir eru erlendis um stundarsakir vegna starfa sinna, kjörskrárkerur, kjördag og kosningu utan kjörstaða.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Fyrir meira en áratug var námsmönnum á Norðurlöndum gert kleift að kjósa, þótt þeir væru búsettir í öðru landi. Samkvæmt samstarfssamningi Norðurlanda mega menn aðeins eiga lögheimili í einu Norðurlandanna. Þess vegna hefur undanfarið borið mjög á örðugleikum við að koma atkvæðum námsmanna til skila, þurft að kæra þá inn á kjörskrá og mörg atkvæði tapast vegna búsetuleysis hér. Einnig hafa slík vandamál komið upp varðandi Íslendinga, sem um stundarsakir dvelja erlendis vegna starfa sinna.

Ákvæði 1. gr. er ætlað að bæta úr þessu.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir styttingu á kærufresti til sveitarstjórna. Fresturinn rennur nú út 3 vikum fyrir kjördag. Með nútímatækni er unnt að stytta þennan frest niður í 10 daga fyrir kjördag, eins og hér er lagt til. Það er vítað mál, að kjósendur kanna ekki, hvort þeir eru á kjörskrá, svo löngu fyrir kosningar sem núgildandi regla gerir ráð fyrir, sem leiðir til þess að allt of mörg mál þurfa að fara fyrir dómstólana, en sú aðferð kostar allt of mikla skrifinnsku og leiðir einnig til réttindataps vegna þess að málið fær ekki afgreiðslu hjá dómstólum nema viðkomandi sanni að hann hafi ekki haft möguleika á að kæra fyrir þriggja vikna frestinn.

Um 3. gr.

Breytingu þá, sem hér er lögð til á 1. mgr. 21. gr. laganna, leiðir af breytingu 2. gr. frumvarpsins á 20. gr. laganna.

Hin nýja málsgrein aftan við 21. gr. laganna er til komin vegna þess, að reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að hægt sé að fá tilkynningu um breytingar á kjörskrá með símtali eða skeyti þar eð dómsútskrift kemur oft óþægilega seint.

Um 4. gr.

Breytingin frá sunnudegi til laugardags er aðeins afleiðing af þeirri þróun, sem orðið hefur á starfstíma. Áhugi og meðferð fjölmiðla á kosningum veldur því, að vaxandi fjöldi landsmanna vakir nóttina sem atkvæði eru talin. Þess vegna er mjög æskilegt að dagurinn eftir talningu sé frídagur.

Um 5. gr.

Í hverjum kosningum er allmikið af vafaatkvæðum og ógildum vegna þess að listabókstafir eru illa skrifaðir. Hægt er að fá svokallaða veltistimpla, sem henta mjög vel til að stimpla listabókstafina. Þeir eru gerðir hérlendis. Þá má gera þannig að þeir henti vel þeim, sem hafa lítinn mátt í höndum, og einnig blindum.

Notkun stimpla mundi skapa aukið öryggi og flýta talningu. Dómsmálaráðuneyti verði falin löggilding þessara sérstöku stimpla og falið að sjá kjörstjórnnum fyrir löggiltum stimplum.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.